

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Snæfellsbæ.

Nýtt deiliskipulag í landi Axlar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar 1. október 2024 nýtt deiliskipulag í landi Axlar. Um er að ræða deiliskipulag vegna skilgreiningar á ferðaþjónustu í landi Axlar innan skipulagssvæða verslunar og þjónustu VP-27, VP-28 og VP-33. Núverandi byggingar innan bæjartorfu Axlar, VP-27 og 28, verði endurnýttar ásamt möguleika til uppbyggingar. Jafnframt er gert ráð fyrir nýju jógasetri á allt að tveimur hæðum, með aðstöðu fyrir 20 gistirúm sem verður staðsett á svæði VP-33 á vesturhluta jarðarinnar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast það þegar gildi.

Snæfellsbæ, 20. nóvember 2024.

Hildigunnur Haraldsdóttir, arkitekt faí, skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 4. desember 2024